

Launaútreikningur

Reiknaðu laun fyrir Þorgerði og sambærilegt fyrir Þorlák.

Notaðu auðan launaseðil.

Verkefnablað - auður launaseðill

Settu í möppu.

Launaútreikningur

Þorgerður var að byrja að vinna hjá Bílaviðgerðum sf.

Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn um áratugabil. Nú þarf Njáll að fara að reikna út laun Þorgerðar. Hjálpaðu honum með það.

- Þorgerður er með 365.000 kr. í mánaðarlaun og með 18 yfirvinnutíma í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með 3.650 kr. í yfirvinnukaup á tímann.
- Reiknað er 10,17% í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er 4% af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er 1% af heildarlaunum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlaunum og síðan taka 36,94% af þeirri upphæð.
- Persónuafslátturinn er 56.447 kr. og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlaunum og útkoman er útborguð laun.

Til umhugsunar:

Notaðu auðan launaseðil og útbúðu einnig launaseðil fyrir Þorlák og nýttu þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan. Kjörið er að vinna þetta verkefni í töflureikni (excel). Þorlákur er með 373.000 kr. í mánaðarlaun. Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum. Reiknaðu út hvað hann fær útborgað.

Skatthlutfall í staðgreiðslu, neðar- og efra þrep:

Skattþrep	Viðmiðunartekjur á mánuði	Staðgreiðsluprósentu
Neðra þrep	0 – 927.087 krónur	36,94%
Efra þrep	Frá 927.088 krónum	46,24%

Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 677.364 kr. eða 56.447 kr. á mánuði.

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang
Kennitala

Nafn launþega:
Heimili
Póstnr.
Kt. launþega

Launatímabil:	1.10 – 31.10
Dagsetning:	1. 11. 20__
Samtals laun:	
Samtals frádráttur:	
Útborguð laun:	<input type="text"/>

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1	365.000	
Yfirvinna		3.650	
Orlof		10,17%	
Samtals launaliðir:			

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður		4%	
Stéttarfélagsgjald		1%	
Staðgreiðsla skatta		36,94%	
Samtals frádráttarliðir:			

Staðgreiðslustofn er kr. _____ en frá honum dregst lífeyrissjóðsframlag launþega kr. _____. Staðgreiðslustofn lækkar því í kr. _____ og af honum reiknast 36,94% skattur, sem gerir kr. _____. Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 53.895. Staðgreiðsla verður því kr. _____.